

**Ed.**

**658. Breytingartillaga**

[177. mál]

við frv. til laga um húsaleigusamninga.

Frá Ólafi Ragnari Grimssyni.

Á eftir 75. gr. komi nýr kafli sem verði XIII. kafli og orðist svo:

### XIII. KAFLI

#### Húsaleigunefndir.

##### 76. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Bæjarstjórnir skulu kjósa húsaleigunefndir til 4 ára í senn.

Hlutverk húsaleigunefnda skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn, sbr. 63. gr. þessara laga, séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að setta slíkan ágreining ef báðir aðilar óska.